



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Styrkir til gæðaverkefna í heilbrigðisþjónustunni árið 2017

Heiti verkefnis: Stytting meðferðartíma á bráða- og göngudeild

Umsækjandi: Landspítali, flæðisvið.

Ábyrgðarmaður: Gunnhildur Peiser, verkefnastjóri.

Stutt lýsing á verkefni: Bráðamóttaka á Landspítala hefur verið leiðandi í notkun rauntímamæla til að fylgjast með gæðum og öryggi í þjónustunna undanfari 5 ár. Þangað leita um 200 sjúklingar á dag og er meðalmeðferðartími þeirra sem útskrifast heim aftur um 4 1/2 klst. Í þjónustu við þennan hóp sjúklinga hefur reynst árangursríkast í samanburðardeildum að tryggja aðkomu réttis fagaðila fremst í ferlinu til að tryggja öryggi í mati á einkennum þeirra, hraða án óþarfa rannsókna, myndgreiningar og sóunar. Með gagnreyndum aðferðum er talið að stytta megi meðalmeðferðartíma á bráða- og göngudeild G3 niður í um 2 ½ klst. Í þessu sambandi hefur verið sett af stað gæðaverkefni á bráða- og göngudeild G3 sem ætlað er að greina þjónustuferli og sóun í meðferðarferlum við sjúklinga. Þar hefur verið skipaður þverfaglegur samvinnuhópur lækna, hjúkrunarfræðinga og ritara sem saman mun þróa, prófa og leggja fram tillögu að öruggu stöðluðu þjónustuferli fyrir sjúklinga með minni háttar áverka og veikindi í samræmi við gagnreynda þekkingu í bráðafræðum með það að markmiði að greiningu og meðferð sé lokið innan 2,5 klst. Verkefnið mun nýtast öllum sjúklingum sem leita á bráðamóttöku Landspítala, alls um 100 000 sjúklingar á ári en með bættu flæði sjúklinga með minna aðkallandi eða einfaldari vandamál skapast betra svigrúm og tími til þjónustu við þá sem eru með alvarlegri veikindi.

Styrkur: 500 þús kr.

Heiti verkefnis: Fjarþjónusta – tilraunaverkefni með fjarþjónustu yfir netið.

Umsækjandi: Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ).

Ábyrgðarmaður: Kristján Sverrisson, forstjóri.

Stutt lýsing á verkefni: Heyrnar- og talmeinastöð vill bæta þjónustu við skjólstæðinga á landsbyggðinni með fjarþjónustu yfir netið. Nú þurfa heyrnartækjanotendur búsettir utan SV-hornsins að sækja mikla þjónustu til starfsstöðva HTÍ í Reykjavík og Akureyri. Ferðastöð HTÍ heimsækir helstu þéttbýlisstaði tvisvar á ári en endurkomur, stillingar og fræðsla kallar á að skjólstæðingar heimsæki starfsstöðvar HTÍ 1-2svar að auki. HTÍ vill reyna tilraunaverkefni með uppsetningu búnaðar á einni heilsugæslustöð í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Heyrnarfræðingar HTÍ sinni síðan heyrnarmælingum, kennslu, ráðgjöf og stillingum heyrnartækja gegnum netbúnað. Fjarþjónusta sem þetta gæðaverkefni snýst um opnar möguleika á að sinna skjólstæðingum HTÍ á öllum tímum árs í nærumhverfi.

Styrkur: 500 þús kr.

Heiti verkefnis: Skimun sjónkvilla í sykursýki 1 á LSH.

Umsækjandi: Landspítali, innkirtladeild.

Ábyrgðarmaður: Rafn Benediktsson, yfirlæknir.

Stutt lýsing á verkefni: Sykursýki af tegund 1 er algengasta form sykursýki hjá börnum og unglingum en getur greinist á öllum aldri. Árlega greinast 2 börn á Íslandi fyrir hvern fullorðinn með sykursýki 1, samtals um 25 - 30 einstaklingar. Nú eru um 700 einstaklingar á Íslandi með sykursýki 1 og nær allir eru í eftirliti á Landspítala. Blinda er einn alvarlegasti og dýrasti fylgikvilli sykursýki en koma má í veg fyrir hann, finnist forstigin (sjónukvilli) í tíma. Á undanförunum árum hafa komið upp allmörg tilfelli af alvarlegri sjónskerðingu hjá ungu fólki með sykursýki. Úttekt á gagnagrunni Innkirtladeildar Landspítala sýnir að einungis 34% þeirra sem komu í eftirlit á sl. 4 mánuðum var sannanlega í eftirliti hjá augnlækni en þessi tala á að sjálfsögðu að vera 100%. Áætlað er að koma upp sjónskimun hjá öllum með tegund 1 sykursýki að alþjóðlegri fyrirmynd. Verkefnið er samvinna innkirtlalækna fullorðinna og barna auk augnlækna á Landspítala sem munu taka við tilfellum til meðferðar eftir því sem við á.

Styrkur: 500 þús kr.

Heiti verkefnis: Fræðsluefni fyrir sjúklinga – örugg dvöl á sjúkrahúsi.

Umsækjandi: Landspítali, menntadeild.

Ábyrgðarmaður: Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri.

Stutt lýsing á verkefni: Tilgangur verkefnisins er að auka öryggi sjúklinga á sjúkrahúsum. Markmið verkefnisins er að gera stutt og aðgengilegt fræðsluefni fyrir sjúklinga á sjúkrahúsum sem auðveldar þeim að taka virkan þátt í eigin meðferð. Um er að ræða bækling, veggspjald og myndband með leiðbeiningum til að auka öryggi sjúklinga á sjúkrahúsum og auðvelda þeim að taka virkan þátt í eigin meðferð. Sjúklingum eru gefin átta einföld ráð til að fyrirbyggja byltur, blóðtappa, sýkingar, rangar lyfjagjafir og þrýstingssár. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi réttra persónuupplýsinga, farsæla útskrift og hvatningu til sjúklinga um að tjá áhyggjur sínar og vangaveltur varðandi heilsufar sitt. Bæklingurinn gefur sjúklingum og aðstandendum markvissar upplýsingar um algeng vandamál sem tengjast legu á sjúkrahúsi og gefur þeim tilefni til að ræða þau við heilbrigðisstarfsfólk. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) skaðast 10% sjúklinga meðan á sjúkrahúsdvöl stendur. Árið 2016 hlutu 872 sjúklingar á Landspítala byltu og samkvæmt gæðarannsókn í október 2017 voru 13,4% sjúklinga með þrýstingssár. Samkvæmt Landlæknisembættinu er sjúklingamiðuð þjónusta forsenda gæða og öryggis og mikilvægt að sjúklingar og fjölskyldur þeirra séu virkir þátttakendur og eftirlitsaðilar í eigin meðferð. Í stefnu Landspítala er lögð áhersla á að sjúklingar séu hvattir til þess að taka þátt í eigin meðferð. Vel upplýstir sjúklingar eru meðvitaðir um möguleg vandamál sem upp geta komið í sjúkrahúslegunni.

Styrkur: 500 þús kr.